

16. nóvember 1978.

807

Nr. 391.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 20. nóvember 1978 til 15. maí 1979 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.